



Fundargerð

467. fundur Sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu Kirkjubæjarstofu þekkingarseturs Klausturvegi 4, 2. hæð, fimmtudaginn 11. nóvember 2021, kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Arndís Jóhanna Harðardóttir, Bjarki Guðnason, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Katrín Gunnarsdóttir og Jón Hrafn Karlsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Rúnar Þorri Guðnason.

Fundargerð ritaði: Sandra Brá Jóhannsdóttir, sveitarstjóri.

Fundargerð er tölvuskráð og er 7 bls. Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins. Fundinum er einnig streymt á Youtube; <https://www.youtube.com/watch?v=mpOZ9JVb1QI>

Bjarki Guðnason, varaoddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna.

Varaoddviti óskar eftir viðbót við dagskrá að við málefnskrá bætist:

Fundargerðir til samþykktar

1. 107. fundur menningarmálanefndar, dags. 11.11.2021

Fundargerðir til kynningar

12. 16. fundur vinnuhóps um endurskoðun aðalskipulags, dags. 02.11.2021

Dagskrárbreyting samþykkt.

Sveitarstjóri greinir frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi

25. október fundur með Mýrdalshreppi og Hornafirði vegna undirbúnings svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs

26. október vinnufundur stjórnar Bergrisans bs vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar 2022

28. - 29. október ársþing SASS

2. nóvember fundur í vinnuhópi um endurskoðun aðalskipulags

3. nóvember stöðufundur hjá vinnuhópi um stafrænt Suðurland

4. nóvember forstöðumannafundur stofnanna Skaftárhrepps

4. nóvember vinnufundur stjórnar Bergrisans bs vegna fjárhagsáætlunar 2022

10. nóvember stjórnarfundur Eldvilja ehf

10. nóvember fundur í svæðisráði vestursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs.

Fundargerðir til samþykktar

1. 2111002F - Menningarmálanefnd - 107

1.1 2111006 - Uppskeruhátíð 2021

Niðurstaða Menningarmálanefnd - 107

12. nóvember verði bíósýning fyrir börnin kl. 14:00 í Kirkjuhvoli og körfuboltaleikur í íþróttahúsinu kl. 18:30. Höfum opna myndlistarsýningu milli 16:00 - 19:00 föstudaginn 12. nóvember á Kirkjubæjarstofu og opið niður á sýningu í Kirkjubæjarskóla á sama tíma, þar sem er sýning í

HLG
1338 AJH RBL
BVC KG



tilefni 50 ára afmælis skólans.

Annað verði blásið af.

Sveitarstjórn þakkar menningarmálanefnd fyrir þá vinnu sem lögð hefur verið í undirbúning hátíðarinnar og staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

2. 2006001 - Kjör oddvita

Bjarki Guðnason óskar eftir tillögu að oddvita Skaftárhrepps. KG leggur til að Bjarki Guðnason verði oddviti Skaftárhrepps. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

3. 2101008 - Skipan í nefndir og stjórnir

Bjarki Guðnason leggur til eftirfarandi skipan í nefndir; Jón Hrafn Karlsson verði formaður fræðslunefndar Samþykkt af BG, KG og RÞG samþykkja tillöguna. HGÁ og AH hafna tillögunni.

Z-listinn óskar bókunar:

Z listinn bendir á að þetta er sú nefnd sem fer með einn alstærsta málaflokk sveitarfélagsins, nú eru sex mánuðir eftir af kjörtímabilinu og fyrir liggur endurskoðun bæði læsistefnu og menntastefnu auk annarra verkefna nefndarinnar. Z listinn bendir á þá staðreynd að Jón Hrafn, verðandi formaður fræðslunefndar er aðalmaður í sveitarstjórn og þar að auki formaður skipulagsnefndar sveitarfélagsins sem er önnur stór nefnd með mikla ábyrgð og krefst mikillar vinnu og yfirlegu. Eitt af því sem mun væntanlega koma inn á borð fræðslunefndar eru hugmyndir um frekari uppbyggingu og viðbyggingar á skólahúsnæðinu, varla fer hjá því að það komi töluvert við sögu líka hjá skipulagsnefnd og auðvitað innan sveitarstjórnar. Z listinn furðar sig á þeirri ákvörðun D listans að skipa ekki Fanney Ásgeirsdóttur Z lista sem formann fræðslunefndar. Fanney hefur setið í fræðslunefnd allt þetta kjörtímabil og verið varaformaður nefndarinnar síðan listarnir tóku þá ákvörðun að fara í samstarf á miðju kjörtímabili. Fanney hefur nokkurra ára reynslu bæði sem kennari og starfsmaður á leikskóla, enn fremur býr hún að margra ára reynslu sem skólastjóri, bæði í fámennum skóla og í skólum með 400-700 nemendum. Því verður að teljast trúlegt að hún hafi nokkra þekkingu á menntamálum og öllu kerfi í kringum þau, skólaþjónustu sveitarfélaga þar með talinni. Að auki má geta þess að hún á að baki setu í sveitarstjórn í fámennu sveitarfélagi. Fanney á ekki börn í Kirkjubæjarskóla þannig að hætta á hagsmunaárekstrum þar er ekki fyrir hendi. Z listinn ítrekar þá skoðun sína að þegar skipa á í embætti í fámennu sveitarfélagi þá sé mikilvægara að horfa á þann mannauð sem þar er og að dreifa verkefnum á fleiri hendur, en að einblína á listabókstafi.

Með þessa sýn fór Z listinn í samstarf við D listann fyrir á þessu kjörtímabili og var þá breytt til í nefndum og fleiri embættum á vegum

Rh HGA

1339 AH

BUC KG



sveitarfélagsins, horfið að mestu frá stífri skiptingu milli meirihluta og minnihluta og fólk fengið inn í nefndir án þess að því fylgdi endilega listabókstafur. Ekki var hróflað við formennsku í nefndum á milli listanna, nema hvað jafnréttisnefnd færðist yfir til Z lista og formaður menningarmálanefndar kom inn sem óháður. D listinn hélt formennsku sinni í öðrum nefndum en Z listinn fékk varaformenn og svo formannslausan meirihluta í umhverfis og náttúruverndarnefnd. Það var sem fyrr segir okkar markmið með samstarfinu að freista þess að róa í sömu átt sveitarfélaginu til hagsbóta fremur en að sækjast eftir völdum, enda lítur Z listinn á vinnu fyrir sveitarfélagið sem þjónustustörf mikið fremur en valdastöður. Með því að D listinn gangi svo einarðlega framhjá nefndarmanni Z listans við skipun í formannssæti fræðslunefndar og hlaði í stað þess fleiri embættum á sömu herðar telur Z listinn að ekki sé raunverulegur vilji innan D listans til að vera í samstarfi og þar sé ekki á nokkurn hátt sami skilningur og hjá Z listanum á því hvað samstarf feli í sér. Hefur Z listinn því tekið einhuga ákvörðun um að slíta áður nefndu samstarfi og draga sig frá öllum formanns og varaformanns sætum auk annarra pólitískt skipaðra embætta á vegum sveitarfélagsins og starfa eingöngu sem minnihluti innan nefnda og sveitarstjórnar.

BG óskar eftir fundarhléi.

D-listi óskar bókuar;

Sveitarstjórnarmenn D lista lýsa yfir vonbrigðum með afstöðu sveitarstjórnarmanna Z lista að slíta því samkomulagi sem gert á milli listanna á síðasta ári. Þar var meðal annars formennska í nefndum skipt á milli lista og höfum við litið svo á að það samkomulag ætti að gilda út kjörtímabilið. Sveitarstjórnarmenn D lista lýsa yfir fullu trausti til nýkjörins formanns fræðslunefndar, Jóns Hrafns Karlssonar og teljum hann fyllilega hæfan til að stýra svo mikilvægri nefnd sem tekur á öllum helstu menntastofnunum Skaftárhrepps. Jafnframt hörmum við þá skoðun sveitarstjórnarmanna Z lista að það dragi úr trúðverðugleika og getu formanns til að sinna nefndarstörfum í fræðslunefnd að eiga börn á skólaaldri.

Bjarki Guðnason leggur til eftirfarandi nefndarmenn;

Fræðslunefnd

Ingimar Helgason

Samþykkt samhljóða

Skipulagsnefnd

Rúnar Þorri Guðnason formaður í stað Jóns Hrafns Karlssonar

Samþykkt af BG, RÞG og KG

HGÁ og AJH hafna tillögunni.

Z-listi óskar bókuar;

Z listinn bendir á það að Rúnar Guðnason er fyrir formaður Umhverfis- og náttúruverndarnefndar. Eftir að listarnir tveir tóku upp samstarf um mitt ár 2020 var sú nefnd stækkuð úr þremur upp í fimm nefndaramenn, að ósk D lista. Z listinn fékk meirihluta í þeirri nefnd, en D listinn hélt formanninum. Í kjölfar þessarar breytingar varð Rúnar Guðnason



formaður nefndarinnar, hefur hann aldrei í sinni formannstíð boðað til fundar nema eftir mikla áeggjan frá nefndarmönnum Z lista. Vonar Z listinn sannarlega að nýr formaður skipulagsnefndar muni sinna henni af meiri áhuga en fyrri nefnd sinni. Þessar hrókeringar í skipulagsnefnd hálfu ári fyrir lok kjörtímabils virðast einungis sprotnar af þeirri ástæðu að losa þurfi Jón Hrafn fráfarandi formann skipulagsnefndar undan því embætti til að hann geti tekið við formennsku í fræðslunefnd. Því furðar Z listinn sig enn og aftur á þeirri ákvörðun að ganga fram hjá ágætlega hæfum einstaklingi við skipun formanns fræðslunefndar, að því er virðist af þeirri ástæðu einni að sú manneskja er í nefndinni fyrir Z listann.

Stjórn Skógasafns
Sveinn H. Jensson
Samþykkt samhljóða.

Varamaður í stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Bjarki Guðnason
Samþykkt samhljóða

Stjórn Náttúrustofu Suðausturlands
Bjarki Guðnason
Samþykkt samhljóða

Stjórn Kötlu jarðvangs
Katrín Gunnarsdóttir
Samþykkt samhljóða

varamaður í héraðsnefnd Vestur-Skaftafellssýslu
Rúnar Þorri Guðnason
Samþykkt samhljóða

Fulltrúi í Félags- og skólajónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu
Sandra Brá Jóhannsdóttir, sveitarstjóri
Samþykkt samhljóða

varamaður í atvinnumálanefnd
Ólafur Björnsson
Samþykkt samhljóða

aðalmaður og formaður í íþróttá- og tómstundanefnd
Katrín Gunnarsdóttir
samþykkt samhljóða

stjórnarformaður Kirkjubæjarstofu
Eva Björk Harðardóttir
Samþykkt af BG, RÞG, HGÁ og AH.
KG situr hjá við afgreiðsluna.

D-listi óskar bókunar vegna bókunar Z-lista vegna formanns skipulagsnefndar;
Sveitarstjórnarmenn D lista lýsa yfir fullu trausti til nýkjörins formanns



skipulagsnefndar, Rúnars Þorra Guðnasonar, og efast ekki um heilindi hans og getu í starfi.

Sveitarstjórnarmenn D lista furða sig á afstöðu sveitarstjórnarmanna Z lista vegna kosninga formanna í fræðslu- og skipulagsnefnd. Viljum við minna á siðareglur kjörinnar sveitarstjórnarmanna þar sem m.a. stendur að sveitarstjórnarmenn skulu koma fram að drengskap og háttvísi sem og að sýna hvor öðrum full virðingu í ræðu og riti.

4. 2110006 - Beiðni um endurupptöku mál vegna umsagnar um útgáfu rekstrarleyfis. Guðmundur Gíslason og Halla Lárusdóttir, dags. 25.10.2021
Guðmundur Gíslason og Halla Lárusdóttir fh. Sönghóls ehf. óska eftir endurupptöku sveitarstjórnar vegna umsagnar um umsókn Sönghóls ehf. kt.5207211850 um rekstrarleyfi til gististaðar í flokki II-D fyrir F2190992, F2190995, F2190994 sem afgreidd var á 466. fundi sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn þakkar erindið. Sveitarstjórn hefur leitað eftir lögfræðilíti vegna málsins. Ekki er mögulegt að veita jákvæða umsögn vegna umsóknarinnar þar sem það samræmist ekki núgildandi skipulagi svæðisins sem bæði er skilgreint innan þéttbýlis á Kirkjubæjarklaustri og innan frístundabyggðar. Afgreiðsla sveitarstjórnar frá 466. fundi stendur því. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að kanna hjá Skipulagsstofnun hvort hægt sé að gera óverulega breytingu á aðalskipulagi fyrir svæðið. Unnið er að heildarendurskoðun aðalskipulagsins þar sem erindið er til umfjöllunar. Stefnt er að því að nýtt aðalskipulag taki gildi í mars 2022. Ekki er mögulegt að veita leyfi nema á grundvelli þess skipulags sem í gildi er á hverjum tíma.

5. 2107001 - Umsögn vegna fyrirhugaðra kaupa Melhóls 1 og 2. Marteinn Másson hrl. dags, 04.08.2021
Óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar Skaftárhrepps í samræmi við 3. tölulið 36. gr. jarðalaga nr. 81/2004 vegna áforma Guðna Más Sveinssonar um kaup á Melhól 1 og 2.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps mælir með kaupunum og felur sveitarstjóra að ganga frá yfirlýsingu þess efnis fyrir sína hönd samkvæmt 36. gr. jarðalaga nr. 81/2004.

6. 2101013 - Drög að breytingum á reglum um fjárhagsaðstoð
Félagsmálanefnd Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu samþykkti á 92. fundi sínum þann 27. október sl. breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir reglurnar fyrir sitt leyti.

7. 2111001 - Ósk um styrk vegna Landsmóts hestamanna á Rangárbökkum 4.-10. júlí 2022. Kristinn Guðnason fh. stjórnar Rangárbakka, dags. 22.09.2021



Stjórn Rangárbakka ehf. óskar eftir 500.000 kr styrk árið 2022 frá Skaftárhreppi vegna undirbúningsvinnu fyrir Landsmót hestamanna sem haldið verður á Rangárbökkum við Hellu dagana 4. - 10. júlí 2022.

Sveitarstjórn þakkar erindið en getur ekki orðið við beiðninni að þessu sinni.

8. 2111002 - Úttekt á slökkviliði Skaftárhrepps. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, dags. 04.11.2021

HMS framkvæmdi úttekt á Slökkviliði Skaftárhrepps þann 19. október 2021. Þess er farið á leit við sveitarstjórn að HMS berist áætlun um úrbætur við athugasamdir stofnunarinnar.

Sveitarstjórn þakkar erindið og felur slökkviliðsstjóra og sveitarstjóra að vinna úrbótaáætlun og senda til HMS.

9. 2111003 - Aðalfundur Bergrisans bs. tilnefning fulltrúa frá Skaftárhreppi
Aðalfundur Bergrisans bs. verður haldinn á Teams 24. nóvember nk.

Sveitarstjórn tilnefnir Söndru Brá Jóhannsdóttur sveitarstjóra sem fulltrúa sinn á fundinn.

10. 2111004 - Beiðni um umsögn um umsókn rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II, D Gistiskáli í Jórvík 1, F.218-9772, mhl.15-0101, 16-0101,17-0101. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 09.11.2021

HGÁ, KG, RG og AH gera ekki athugasemdir við veitingu leyfisins. BG situr hjá við afgreiðslu málsins vegna aðkomu sinnar sem slökkviliðsstjóri á síðari stigum.

11. 2111005 - Fyrirmynd að erindisbréfi fyrir forvarnarteymi grunnskóla gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 04.11.2021

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur sent sveitarfélögum til umsagnar fyrirmynd að erindisbréfi fyrir forvarnarteymi grunnskóla vegna forvarna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Lagt er til að fyrirmyndin verði tekin til umfjöllunar í fræðslunefnd sveitarfélagsins í samstarfi við skólaskrifstofu þess og skólastjóra viðkomandi skóla.

Sveitarstjórn vísar erindinu til fræðslunefndar til úrvinnslu.

Fundargerðir til kynningar

12. 1801013 -

*Fundur fjallskilaneftndar Austur-Síðuafreftar og Fljótshverfis, dags. 17.08.2021
98. fundur svæðisráðs vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs, dags. 20.10.2021*

1343
H613
KSH
BUE
KGR
Rld



92. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags.
27.10.2021
16. fundur vinnuhóps um endurskoðun aðalskipulags, dags. 02.11.2021

Fundargerðir kynntar

Annað kynningarefni

13. 1801013 -

Boð um þátttöku sveitarfélaga í námskeiðinu Loftslagsvernd í verki. Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 02.11.2021. Fylgigögn: Loftslagsvernd í verki - um námskeiðið, erindi Landverndar til framkvæmdastjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

902. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 29.10.2021 þátttakendur í degi um fórnarlömb umferðarslysa. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, dags. 29.10.2021

Ágóðahlutagreiðsla 2021. Eignarhaldsfélagið Brunabótafélags Íslands, dags. 22.10.2021


Kynnt

Næsti fundur sveitarstjórnar er áætlaður miðvikudaginn 15. desember 2021.


Fundargerð lesin upp og samþykkt


Fundi slitið kl. 16:45.


Arndís Jóhanna Harðardóttir


Bjarki Guðnason


Heiða Guðný Ásgeirsdóttir


Katrín Gunnarsdóttir


Rúnar Þorri Guðnason

